

## Stjórnarfundur 25. júní 2018

Mættir: Hjörtur Bergstað, Sigurlaug Anna Auðunsdóttir, Sigurbjörn Þórmundsson, Marianna Gunnarsdóttir, Svafar Magnússon og Heiðrún Sigurðardóttir

*Málefni tekin fyrir:*

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar borin upp og hún samþykkt samhljóða.

### 2. Framkvæmdir fyrir LM

Framkvæmdir eru innan fjárhagslegs ramma miðað við hvað lagt var upp með í upphafi. Meðal framkvæmda er lagning varanlegra rafmagnskapla og ljósleiðara. Stuðningur Reykjavíkurborgar við framkvæmdir á svæðinu hefur verið frábær.

### 3. Æfingatímar fyrir LM fyrir börn

Fyrirspurn barst stjórn hvort börn fengju frátekin tíma af æfingatímum Fáks til að æfa m.a. hleypingar sem erfitt er að æfa þegar völlurinn er fullur af öðrum keppendum. Það er fullur vilji hjá stjórn að svo verði og leggur stjórn til að Tóta, formaður æskulýðsnefndar, haldi utan um það.

### 4. Grill fyrir þáttakendur Fáks á LM

Vaninn er að Fákur bjóði þáttakendum sínum í grill á landsmótum. Hjörtur leggur til að samið verði við Dirty Burgers and Ribs að þessu sinni um að grilla ofan í keppendur á laugardagskvöldið nk. þegar æfingar eru í fullum gangi á svæðinu. Tillagan samþykkt.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.*

*Fundargerð ritaði Heiðrún Sig.*

